

Nd.

13. Frumvarp til laga

um viðauka við lög um Landsbanka Íslands nr. 10 15. apríl 1928.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1947.)

1. gr.

Aftan við c-lið 9. gr. komi:

Meðan bankinn nýtur undanþágu þeirrar, sem ræðir um í 64. gr., þarf þó eigi að telja til frádráttar lán bankans, er ræðir um í lögum nr. 10 31. maí 1927, eða lán þau, er koma kunna í stað þessara lána.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til septemberloka 1952.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög um Landsbanka Íslands, nr. 10 15. apríl 1928.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að vegna ákvæða í 8., 9. og 64. gr. laga nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands, sé nauðsynlegt nú að setja eftirfarandi viðaukaákvæði. Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Aftan við c-lið 9. gr. komi:

Meðan bankinn nýtur undanþágu þeirrar, sem ræðir um í 64. gr., þarf þó eigi að telja til frádráttar lán bankans, er ræðir um í lögum nr. 10 31. maí 1927, eða lán þau, er koma kunna í stað þessara lána.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til septemberloka 1952.

Gjört í Reykjavík, 3. september 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.